

ákærða sýknan af ákærum sóknarans í þessu máli, og allur löglegur kostnaður af því, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra, að greiðast úr opinberum sjóði.

Málið hefur í hjerði verið rekið með tilhlýðilegum hraða, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Benedikt Grímsson, á að vera sýkn af ákærum sóknarans í þessu máli. Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors, greiðist úr opinberum sjóði.

Nr. 19/1882.

Ólafur umboðsmaður  
Sigurðsson á Ási  
gegn  
Sigfúsi Pjetursyni  
á Hellulandi.

D ó m u r :

Með dómi, kveðnum upp fyrir aukarjetti Skagafjarðarsýslu 12. júlí f. á., er Ólafur umboðsmaður Sigurðsson í Ási skyldaður til að gefa Sigfúsi Pjetursyni á Hellulandi afsalsbrjef fyrir hálfri jörðinni Hellulandi með öllu tilheyrandi samkvæmt kaupbrjefi 27. marz 1872, að viðlagði 10 kr. sekt fyrir

hverja viku. er hann dregur það, eptir að Sigfús Pjetursson hefur borgað honum, eða löglega framboðið kaupverð hálfendunnar 1200 krónur; svo er Ólafur Sigurðsson og skyldaður til að greiða Sigfúsi Pjeturssyni 25 kr. í málskostnað. Loks er Sigfús Pjetursson sektaður um 3 krónur til lands-sjóðs fyrir ósæmilegan rithátt.

Þessum dómi hefur Ólafur Sigurðsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 18. október f. á., og hefur hann krafizt, að verða dæmdur sýkn af kærum og kröfum hins stefnda Sígfúsar Pjeturssonar, og að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málkostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 40 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Mál þetta er risið útaf því, að hinn stefndi seldi áfrýjandanum með afsalsbrjefi, dagsettu 27. marz 1872, eignarjörð sína hálf Helluland með 1 ésaudarkúgildi, húsum og jörðu, sem henni fylgdi, fyrir 1200 krónur, en áskildi sjer jafnframt kauparjett á hálfendu þessari innan 12 ára fyrir sama verð; haustið 1881 bauð hinn stefndi áfrýjandanum með vottum hið áskilda kaupverð 1200 kr., og krafðist kaups á hálfendunni, en áfrýjandinn synjaði honum um kaupið og lagði hinn stefndi þá mál sittt til dóms og laga.

Eptir því sem fram er komið í málinu, er afsalsbrjef það, sem nýlega var nefnt. einasta eignarheim-

ild áfrýjandans fyrir hálfri jörðinni Hellulandi, og hefur hann því aldrei eignast hálfendu þessa með fyllri heimild, en afsalsbrjefið kveður á, en þar er eignarheimild hans meðal annars bundin þeirri einskorðun, að seljandinn, þ. e. hinn stefndi, eigi heimting á að kaupa hálfenduna aptur innan 12 ára við sama verði, sem hann seldi hana. Sú mótbára áfrýjandans, að hann aldrei hafi samþykkt þessa einskorðun á eignarheimild sinni, getur þannig ekki komið til greina, því eignarheimild hans er frá upphafi orðin til með þessari einskorðun, og verður því ekki aðgreind frá henni, en um lögmæti slíkrar einskorðunar á eignarafsali virðist ekki geta verið neinn vafi. Þar sem áfrýjandinn hefur ennfremur haldið því fram sem sýknaðstæðu, að hinn stefndi vilji kaupa jörðina handa öðrum manni, en ekki handa sjálfum sjer, þá bera skjöl málsins með sjer, að hinn stefndi hefur sjálfur boðið fram hið áskilda verð fyrir jörðina og heimtað, að hún væri afsöluð sjer, og getur áfrýjandinn því ekki færst undan að selja honum jörðina samkvæmt afsalsbrjefinu 27. marz 1872 fyrir þá sök, að jörðin sje ætluð öðrum, því það er áfrýjandanum óviðkomandi, hvernig hinn stefndi ráðstafar jörðinni eptir að hún er aptur orðin eign hans.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, verður yfirdómurinn að samþykkja niðurstöðu þá, sem hjeradsdómarinn hefur komizt að í þessu máli, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm bæði að aðalefninu til, og að því er snertir málskostnað í hjeraði, og þannig, að hinn stefndi auk sektar þeirrar, sem honum í undirdóminum er gjört

að greiða í landssjóð fyrir ósæmilegan rithátt, einnig greiði sömu sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs samkvæmt tilskipun 23. desbr. 1735, 2. gr. Eptir þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum að greiða hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdóminum, er virðist hæfilega metinn 25 krónur.

Þvi dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómurinn í máli þessu á óraskaður að standa, og ber hinum stefnda, Sigfúsi Pjeturssyni, enn fremur að greiða 3 krónur í hlutaðeigandi fátækra sjóð. Áfrýjandinn, Ólafur Sigurðsson, greiði hinum stefnda 25 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. maímán.

Nr. 5/1883

Kristján Ó. Þorgrímsson bóksali  
gegn

Aðjunkt Birni Magnússyni Ólsen

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af þáverandi ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins Þjóðólfs, Kristjáni Ó. Þorgrímssyni, gegn Birni Magnússyni Ólsen, aðjunct við Reykjavíkur skóla, út af því, að hinn fyrr nefndi áleit sig vera meiddan með ýmsum orðum og ummælum, sem hinn síðar nefndi hafði við haft í grein, er kom út í blaðinu Þjóðólfi 30. apríl f. á., en sú grein var svar uppá aðra grein, er staðið